

Ferð um Vestfirði

1. - 4. marz 1955

Reykjavík, 4. marz 1955
S.Rist

Ferð um Vestfirði

1.-4. marz 1955.

Mjólkár og Dynjandiá.

Þriðjudaginn 1. marz fór undirritaður með flugvél frá Reykjavík til Bíldudals. Þegar flugvélin kom á Bíldudal var vélbáturinn Steinbjörg tilbúinn að flytja mig inn í Arnarfjarðarbotn. Rennsli Mjólkárna mældist $1,15 \text{ m}^3/\text{s}$ þ.e.a.s. 38 l/s/km^2 , og rennsli Dynjandiár $1,45$ þ.e.a.s. 40 l/s/km^2 . Nokkur snjóur var í botni Arnarfjarðar, en þó vart eins mikill og vant er að vera á þessum tíma árs. Frost hafa verið undanfarið í Arnarfirði eins og annars staðar á landinu, daginn áður, þ.e. 28. febr. var frostlina og jafnvel $+1$ til 2°C við sjávarmál. Ekkert leysti á vatnasviði ána, en ósar vatna og tjarna, sem hafa verið aðþrengdir af ísi hafa étist hraðar út en ef frostharka hefði verið. Af þessum sökum hefur rennsli ána máskæ aukist lítið eitt. Vatnshiti $0,1^\circ\text{C}$. Hinn 10. des. var rennsli Mjólkár mælt síðast og þá af undirrituðum ásamt verkfræðingunum Lofti Þorsteinssyni og P. Flygenring. Rennslið reyndist þá $1,62 \text{ m}^3/\text{s}$, gera má fastlega ráð fyrir aðrennslið hafi minnkað jafnt og þétt á þessu tímabili og haldi áfram að þverra út þennan mánuð með sama hraða, eða þar til sólbráðar fer að geta í Borgarhvilftinni, sem drýgir rennslið upp úr mánaðamótunum marz-apríl.

Ekki vannst tími til að kanna snjódýpið og ísþykktina á Borgarhvilftarvatni. En bóndinn á Berg, Hákon Sturluson, tók það að sér og mun innan tíðar senda skrifstofunni skýrslu um þá athugun. Önnið var að rennslismælingunum meðan dagur var á lofti en ljóskastari notaður er dimma tók. Að mælingunum vann með mér Jón Jóhannsson, Bíldudal.

Vélbáturinn beið á meðan mælt var og ég náði á þann hátt í strandferðaskipið Esjuna, sem fór frá Bíldudal morguninn eftir, kl. 7, á norðurleið.

Fossá, Hólshreppi.

Aðfaranótt 3. marz kom Esja til Ísafjarðar og þá um morguninn kl. 7 fékk ég far með v/s Fagranes til Bolungarvíkur.

Í Bolungarvík var töluverður snjór, bifreiðar gengu aðeins um þær götur, sem jarðftur höfðu skafið. Snjór var jafnfallinn og skíðafæri ágætt inn Syðridal. Gæta varð varúðar á leiðinni upp á Reiðhjallann sökum snjóskriðs. Rennsli Fossár var 87 l/s um yfirfallsstíflu, auk þessa er lækjar-sytra vestur á Reiðhjallanum, sem fallið getur til Fossár ofan stíflunnar, nú fellur lækurinn niður nokkru vestar. Þá er hægri hluti mælistíflunnar örflítið lækur. Að þessu athuguðu var ljóst að heildarrennslið var 95-100 l/s. Vatnshiti 1,1°C. Á komandi sumri þarf að lagfæra mælistífluna. Gæzla er í ágætu lagi þrátt fyrir erfiðar aðstæður.

Athugið. Gæzlumaðurinn, Ólafur Zakaríasson, Gili, benti mér á að nú á síðari árum hafi snjóflóð fallið tvívegis yfir þann stað, sem hælað hafði verið fyrir stöðvarhúsinu, Með því að stöðsetja húsið nokkru norðar og vestar á að vera hægt að forðast þessa hættu. Mun skýra þetta nánar, þegar landsuppdráttur virkjunarinnar er við hendina. Það sem sást upp úr snjó af inntaksstíflu þeirri, sem byggð hefur verið, virtist heillegt og traust, en lækur nokkuð ryðbrunnar.

Far tók ég aftur með Fagranesinu til Ísafjarðar um kvöldið, kom þangað kl. 22³⁰.

Langá, Fossavatn og Nónhornsvatn.

Kl. 8 í morgun flutti Jón Gestsson, rafveitustj. á Ísafirði mig inn að Úlfarsá (innan við Ísafjarðarkaupstað). Þaðan hélt ég á skíðum inn Engidal.

Álestur við mælistífluna í Langá var 6, samkvæmt því var rennslið 60 l/s þ.e.a.s. 6,6 l/s af km² og hefur verið þannig um skeið. Ég tók mælingaskýrslur fyrir þrjá síðastliðna mánuði, en álestra þar hefur Kristinn Lárusson vélgæzlumaður annast. Eftirfarandi upplýsingar um Fossavatn og Nónhornsvatn lét Kristinn mér í té. Þegar Fossavatnið stendur fullt er vatnsborð í kóta 347,5 og hæðaralestur vatnsins talinn 7,0 m. Þá er vatnsforðinn 453 þús. m³.

Hinn 7. jan. sl. var komið 2,6 m borð á Fossavatn, álestrar það sem af er þessu ári eru sem hér segir:

Hinn 7. jan.	4,40 m
15. "	4,00 "
28. "	3,54 "
3. febr.	3,60 "
9. "	3,39 "
18. "	3,10 "
27. "	2,70 "

Fossavatnið skilar nálægt 3000 kwh á sólarhring, sagði Kristinn Önnfremur. Búist er við 50 cm vatnsborðslökkun þessa viku og ef veðurfar helst óbreytt þrýtur vatnsforðinn með öllu síðast í þessum mánuði. Fossavatn er tómt, þegar álesturinn þar er 2,2m. Hinn fjarstýrði vatnshæðarmælir (mótstöðumælir) er óvirkur.

Nónhornsvatn náðist aldrei fullt aftur eftir að það var tæmt um mánaðamótin júlí/ágúst. Þá var gerð lítilsháttar aðgerð til að reyna að þétta botninn, svo þurrt var haustið og veturinn gekk snemma í garð að vatnsborðið náðist ekki upp nema að því marki sem lekinn úr vatninu byrjar við. Fékk því ekki úr því skorið, hvort aðgerðin var til bóta. Nónvatnsvélin er látin skila um 400 kwh á sólarhring.

Eftir áramót hafa þessir álestrar verið teknir við Nón-
hornsvatn.

Hinn 7. jan.	3,00 m
" 17. "	2,47 "
" 30. "	2,42
" 14. febr.	2,17

Nú þessa dagana framleiðir dieselvélina 4300-4400 kwh á sólarhring.

Jón Gestsson lofaði að senda skrifstofunni skýrslu um vatns-
notkunina.

Ég kom með flugvél frá Ísafirði í dag.

Reykjavík, 4. febr. 1955

S. Píst